



Kennsluleiðbeiningar

Íslenska – Tölum saman
Kennslubók fyrir byrjendur í íslensku

Kristjana Þórdís Jónsdóttir og Sigrún Eiríksdóttir

Efnisyfirlit

Til kennara	3
Almennt um námsefnið	3
Táknin í bókinni	4
1. kafli – Að heilsa og kveðja	5
Innlögn	5
Aukaverkefni	5
Aðrar hugmyndir	5
2. kafli – Fjölskyldan	6
Innlögn	6
Aukaverkefni	6
Aðrar hugmyndir	6-7
3. kafli – Maturinn	7
Innlögn	7-8
Aukaverkefni	8
Aðrar hugmyndir	8-9
4. kafli – Skólinn og vinnan	9
Innlögn	9-10
Aukaverkefni	10
Aðrar hugmyndir	10
5. kafli – Líkaminn og heilsan	10
Innlögn	10-11
Aukaverkefni	11
Aðrar hugmyndir	11
6. kafli – Heimilið	12
Innlögn	12
Aukaverkefni	13
Aðrar hugmyndir	13
Lausnir við æfingum	14-25

Til kennara

Hugmynd höfunda að þessu efni var fyrst og fremst að auka bókakost fyrir erlenda nemendur í íslensku og er bókin hugsuð fyrst og fremst til að þjálfa talþáttinn í málakennslu í íslensku sem öðru máli. Nemendur þurfa ekki að hafa lært íslensku áður en það myndi hjálpa þeim sem eru að vinna einir með bókina. Ekki er farið mikið í málfræði í þessari bók svo að nauðsynlegt er að kennari útskýri málfræðina eftir þörfum nemenda. Mikilvægt er fyrir nemendur að vita að kyn orða eru greind með litum í bókinni (**kvk.**, **kk.**, **hk.** og **flt.**) (sjá t.d. bls. 13 og 22).

Undir liðnum **INNLOGN** eru tekin fram þau atriði sem gott er að leggja inn áður en byrjað er á kaflanum (málfræði og orðaforði). Hér er einnig útskýrt hvernig gott er að kenna/vinna verkefni kaflans. Hlustunarefni er aðgengilegt á netinu á síðu Menntamálastofnunar www.mms.is. **AUKAVERKEFNI**, hér er vísað í þau munnlegu verkefni sem henta hverjum kafla og er að finna aftast í kennslubókinni. Undir **AÐRAR HUGMYNDIR**, eru svo hugmyndir að öðrum verkefnum sem hægt er að láta nemendur vinna, bæði í skólanum og sem heimaverkefni, verkefni sem þjálfa betur notkun orðaforðans hverju sinni.

Almennt um námsefnið

Uppbygging kaflanna er alltaf sú sama:

- a) **Samtalstexti.** Hver kafli byrjar á samtalstexta sem tengist þema kaflans. Orðaforðinn er svo endurtekinn í hinum ýmsu æfingum út kaflann. Ýmist er gott að hlusta fyrst og láta nemendur lesa svo eða öfugt.
- b) **Æfingar.** Aðallega munnlegar æfingar en einnig nokkrar skriflegar í hverjum kafla.
- c) **Orðalistinn minn.** Ný orð eru í töflu í lok hvers kafla (ekki tæmandi listi). Kennari getur
 - A) Látið nemendur skoða listann eftir að kaflanum er lokið og setja inn þýðingu á sínu móðurmáli.
 - B) Skoðað orðin á listanum með nemendum áður en byrjað er á kaflanum og spurt nemendur hvort að þeir þekki einhver orðanna. Þegar búið er að ljúka við hvern kafla mætti skoða orðin aftur og láta nemendur búa saman til setningar þar sem þessi orð koma fram (munnlega eða skriflega á töflu) til að skerpa á minni.
- d) **Tónlist vikunnar.** Hér er hugmyndin að kennari velji íslenska tónlist til að spila í tíma og nemendur gefi laginu stjórnur. Hægt að vinna með ýmsum hætti:
 - A) nemendur gætu séð textann fyrst og kennari útskýrt.
 - B) Nemendur gætu hlustað fyrst og reynt að grípa einhver orð og skrifað þau á blað og svo gætu þeir séð textann.
 - C) Nemendur gætu fengið innfyllingaræfingu á blaði þar sem orð væru tekin út en samt sýnd (til hliðar) og nemendur ættu að setja í réttar eyður.
 - D) Ef að myndband er til væri hægt að byrja á að horfa á það án hljóðs og nemendur nefna þá hluti sem þeir sjá/þekkja. Hægt er að fá nemendur til að velta innihaldi lagsins fyrir sér og skoða svo textann og hlusta á lagið.
 Það væri líka hægt að fjalla um einstaka söngvara eða hljómsveitir, láta nemendur gera kynningarverkefni (powerpoint).

e) **Málshættir/orðatiltæki.** Hér er hugmyndin að kynna fyrir nemendum nokkra algenga málshætti sem að líklegt er að þeir muni ýmist koma auga á í textum eða heyra fólk nota.

f) **Aukaefni aftast í bók.** A/B æfingar eru paraæfingar þar sem að tveir nemendur eru með mismunandi upplýsingar. Þeir þurfa að spyrja hvor annan til að fá svör sem þeir fylla í eyður hjá sér. Samtöl (með skæratákninu) er gott að ljósrita og klippa niður fyrir nemendur og þeir glíma svo við það í pörum/litlum hópum að raða samtali upp í rétta röð. Í þessum hluta bókarinnar er einnig texti þar sem að fjallað er um helstu hátíðir á Íslandi (upplestur er á mms.is).

Táknin í bókinni



Tölum saman – Þetta tákn gefur til kynna að æfingin henti vel til munnlegrar þjálfunar og er algengasta táknið í bókinni.



Hlustum – Hægt er að hlusta á textann í bókinni. Suma texta bókarinnar er gott að hlusta á fyrst og leyfa svo nemendum að lesa sjálfir en aðrir textar henta betur til lesturs fyrst og svo til hlustunar. Upplesið efni er á mms.is



Nýtt innlegg – Með þessu tákni er ýmist verið að hnykkja á atriði í málfræðinni, ákveðnu atriði í málnotkun eða leggja inn nýjan orðaforða.



Skrifum – Táknið bendir á að hér er gott að æfa ritun. Í bókinni er gert ráð fyrir að nemendur hafi nægjanlegt pláss til að skrifa inn textann.



Íslensk tónlist vikunnar – Hér geta nemendur skrifað inn upplýsingar um þau lög sem þau hlusta á í tímum. Nemendur gefa svo hverju lagi stjörnur í einkunn. Nemendur fylla inn í stjörnurnar eftir einkunn ☆ ☆ ☆ ☆ ☆.

Kafli 1 – Að heilsa og kveðja

Innlögn

Hér mætti kynna persónufornöfn og nokkrar grunnsagnir (vera, heita, tala, ætla, búa).

Bls. 3. Samtalstexti: Hér er betra að lesa fyrst yfir samtölin þrjú í byrjun kaflans. Nemendur giska svo á hvaða mynd á við hvert samtal (A B C), svo er hlustað á samtölin í lokin.

Bls. 3 og 4. Við segjum: Nemendur eru þjálfaðir í að heilsa og kveðja og á bls. 4 eru samtölin lesin. Í æfingunni „Hvað er fólkið að segja?“ á að búa til samtal á milli fólksins (para- eða einstaklingsvinna).

Bls. 5. Nemendur geta skrifað þýðingu orðanna á sínu móðurmáli og búið til spurningar. Í neðri hlutanum setja þeir inn svör (paravinna). Þeir geta nýtt orðaforðann neðst á blaðsíðunni. Ath. listinn yfir lönd og tungumál er ekki tæmandi svo kennari gæti þurft að skrifa fleiri á upp á töflu.

Bls. 6. Íslenska stafrófið – Nemendur hlusta á stafrófsæfingu og lesa svo upphátt ca. tvo eða fleiri stafi (+ orð) á mann, allt eftir því hve margir nemendur eru í hópnum. Nemendur geta svo sjálfir skrifað sína skýringu á framburði eða þýðingu á línurnar. Einnig væri hægt að spyrja nemendur hvaða önnur orð þeir þekkja með hverjum bókstaf.

Bls. 7. Hér er góð hugmynd að fara á netið og finna stafrófslagið til að hlusta á/syngja saman.

Bls. 8. Hvaða fólk er á myndunum? Hér vinna nemendur í pörum (eða ganga um stofuna og spyrja sem flesta), reyna að fá fram upplýsingar um fólkið. Hér æfa nemendur spurnarorðin á bls. 5 betur. Dæmi: Hvað heitir hann? Hvaða tungumál talar hann? Hvaðan er hann? Nemendur geta svo spurt hvert annað sömu spurninga.

Aukaverkefni

A/B paraæfing á bls. 70 og 71.

Aðrar hugmyndir

A. „Nafnspjaldaleikur“: Nemendur draga miða/nafnspjald með skálduðum persónum með upplýsingum = nafn, aldur, heimilisfang uppruni/heimaland... (sem kennari býr til). Þeir ganga um bekkinn og leita upplýsinga hjá félögum sínum. Nemendur spyrja margoft sömu spurninganna sem er góð þjálfun.

B. Að kynna persónur, litlar myndir af fólki (kennari prentar út af netinu). Nemendur sitja í hring, hver dregur eina mynd sem hann á að lýsa eftir getu (nafn, aldur, búseta, þjóðerni...).

Kafli 2 – Fjölskyldan

Innlögn

Hér mætti kynna eignarfornöfn í nefnifalli og útskýra aðeins kyn lýsingarorða (v/æf. bls. 18).

Bls. 10. Textar um fjölskyldur. Nemendur lesa/hlusta á texta og eiga að giska á hver á hvorri mynd er að tala. Hvar er Magnea á mynd A? Hvar er Magnús á mynd B? Gott er að nota myndirnar til að æfa talið, nemendur segja frá hver er hvað á myndunum.

Bls. 12. Vinnum saman: Hér þarf að útskýra eða rifja upp fjölskyldumeðlimi áður en nemendur tengja saman númer við viðeigandi fjölskyldumeðlim (para/hópavinna).

Neðri hluti bls. 12 – vikudagar og tímaorð kennd. Á punktalínurnar geta nemendur skrifað sínar útskýringar/þýðingar. Munnleg æfing, pör eða hópar segja frá atburðum, að mestu með „ég ætla að“ setningum. Tvö tímaorð eru um þátíð; í fyrradag og í gær og þar eiga nemendur að nota “var ég að.....“ setningar (t.d. að læra, að lesa bók....).

Bls. 13. Hvernig teljum við?: Tölur lagðar inn.

Bls. 14. Hér eiga nemendur í pörum eða 3-4 saman að hjálpast að við að segja frá fjölskyldum á myndunum. Rifja upp orð yfir fjölskyldumeðlimi og svo væri hægt að giska á aldur og jafnvel segja frá útliti fólks ef þau kunna það (litir og líkaminn koma fyrir seinna í bókinni).

Bls. 15. Hér eru nemendur þjálfaðir í að segja frá hvenær þeir gera hitt eða þetta. Dæmi: Ég ætla/vil yfirleitt læra á kvöldin.

Bls. 16. Æfum okkur: Kennari útskýrir rauðletruð orð/setningar og nemendur annaðhvort einir eða í pörum búa til setningar sem passa við myndir, skrifa á línuna og lesa svo sínar setningar fyrir allan hópinn.

Bls. 17. Neðri hluti þjálfar aftur spurnarorð, nemendur skrifa þýðingu við bláletruðu spurnarorðin og fylla svo inn í eyður (paravinna).

Bls. 18. Hvað passar?: Kennari útskýrir að æfingin felist í að þekkja mun á kyni orða og útskýrir hvernig oft er mögulegt að átta sig á kyni orða út frá þýðingu þeirra. Dæmi: stelpa er kvk. eins og flest orð sem enda á -a. Litir orðanna segja til um kynið, **blár** er kk., **rauður** er kvk. og **grænn** táknar hk. orð (paravinna).

Aukaverkefni

A/B paraæfing bls. 72-73, uppröðun samtals bls. 74, A/B paraæfing bls. 75-76.

Aðrar hugmyndir

A. Talnaleikur; hópurinn hefur tvo miðabunka á borði, annar bunkinn inniheldur mismunandi spurningar (kennari útbýr) eins og t.d. Hvað ert gamall/gömul? Númer hvað er húsið þitt? Númer hvað eru skórnir þínir? Hvað áttu mörg systkini? o.s.frv. Hinn bunkinn er með mismunandi tölur (svörin). Dæmi: A dregur spurningu og les upp (hvað ertu gamall?) og B

dregur (svar) og segir töluna sem er á miðanum (þó að hún passi ekki). Þetta er góð æfing til að æfa tölurnar og einnig til gamans gert, fá út e.t.v. „skritin“ svör.

B. Fjölskylduleikurinn, finndu þína fjölskyldumeðlimi. Hægt er að nota sömu hugmynd og í lið A nema hér væru miðar með upplýsingum sem tengja fjölskyldumeðlimi saman (kennari býr til). Þegar nemendur hafa fundið alla í sinni fjölskyldu þá kynna þau hópinn. Dæmi: Nem. 1. Ég er mamma, ég heiti..., ég er kennari og er ... ára. Nem. 2. Ég er stelpa, ég er ... ára, ég bý í ... , mamma heitir... o.s.frv.

C. Glærukynning, nemendur kynna fjölskyldu sína fyrir bekknum (powerpoint).

Kafli 3 – Maturinn okkar

Innlögn

Gott að skerpa á notkun lýsingarorða í nefnifalli, dæmi; góð súpa, gott brauð. Kenna notkun ákveðins greinis í nefnifalli. Kenna þolfall nafnorða. Kynna persónufornöfn í þolfalli.

Bls. 21. Á veitingastað: Áður en orðin á bls. 22 eru útskýrð er gott að skoða myndirnar og leyfa nemendum að koma með þau orð sem að þeir þekkja yfir hlutina. Því næst eru orðin á bls. 22 skoðuð vel (gott að minna nemendur á hlutverk litanna (**rauður/blár/grænn**)). Loks skrifa nemendur orðin undir myndirnar á bls. 21.

Bls. 22. Efst: Myndirnar á bls. 21 eru notaðar. Nemendur segja frá/búa til setningar.

Bls. 24. Maturinn okkar: Gott er að skoða fyrst matarmyndir með nemendum og biðja þá að nefna þau matarorð sem að þeir þekkja. Orðaforðinn er svo á næstu síðu, númeraður 1-51. Nemendur setja næst inn orðin eða tölustafi við myndirnar. **Neðst á blaðsíðu** er æfing þar sem nemendur segja hvaða matur þeim finnst góður/ekki góður og hvað þeir ætla að borða/elda í kvöld. Hér gæti þurft að útskýra þolfall nafnorða. Skemmtilegur leikur/æfing gæti verið svona: Kennari spyr nemendur hvað þeir ætli að elda/borða í kvöld og segir um leið einhverjar tvær tölur (á bilinu 1 til 51 sjá lista á bls. 25). Nemandi skoðar hvaða matur hefur tiltekin númer og býr til svar með þeim mat. Dæmi: (kennari nefnir 10 og 36) Nemandi svarar: Ég ætla að elda lauk og te í kvöld. Misgóðar samsetningar vekja oft kátínu.

Bls. 26. Hvað er klukkan? Hér er nemendum kennd helstu orð sem notuð eru um klukku (sjá mynd). Mikilvægt er að benda á að erfiðast er að segja eitt, tvö, þrjú og fjögur en eftir það verða tölur í íslensku auðveldari. Nemendur æfa sig svo í að segja hvað klukkan er í A, B, C, D. Ath. Kennari þarf að vera meðvitaður um að sumir nemendur kunna ekki að lesa á skífuklukku og einhverjir kunna jafnvel alls ekki á klukku og þarf að reyna að ganga úr skugga um það áður en byrjað er á að kenna á klukku á íslensku.

Bls. 27. Efri hluti: Nemendur segja hvað klukkan er á myndum 1-10. **Neðri hluti:** Nemendur segja frá klukkan hvað þeir ætla að fara í sund, borða... og nota tímann sem gefinn er upp í dökkbláu reitunum (nafnháttur notaður).

Þrjár myndir neðst á síðu má auðveldlega nota sem kveikju að spjalli. Dæmi: Hvað gæti klukkan verið á myndunum? Hver er á myndinni, hvað er hann að gera? Hvert er hann að fara? o.s.frv.

Bls. 28. Máltíðirnar. Hér er áfram verið að æfa matartegundir sem eru á bls. 25 og líka klukkan hvað maður borðar. Dæmi: Efsta mynd til vinstri gæti verið til dæmis. „Í morgunmat borða ég brauðsneið með osti/sultu/smjöri. Ég borða líka appelsínu og drekk mjólk“. Ath. hér má jafnvel bæta við nýjum orðum þar sem listinn á bls. 25 er ekki tæmandi. Neðri hluti æfingar er til að æfa spjall á milli tveggja. Nemendur æfa sig að spyrja t.d. Hvað borðar þú í morgunmat/hádegismat/ kaffitímanum/kvöldmat?

Bls. 29. Eigum við að panta pítsu? Kennari getur auk æfingarinnar þjálfað nemendur í að skrifa niður hvernig pítsu þeir myndu helst vilja borða og spyrja svo „Hvernig er þín uppáhalds pítsa?“

Neðri hluti -**Hugarkort.** Þessi æfing er til að rifja upp orðaforðann um matartegundir og sagnirnar að drekka, borða og kaupa í matinn. Gott er að byrja á einstaklingsvinnu hér í nokkrar mínútur og láta nemendur svo vinna aðeins saman og sjá hvort að ekki finnist fleiri orð.

Bls. 31. Samsett orð. „Leikur að orðum“, miðað er við að finna eitt sameiginlegt orð fyrir hvern hóp þó svo að stundum geti annað orð verið notað fyrir sum orð í hópnum. Gott er að kennari ræði merkingu feitletruðu orðanna efst áður en pör/hópar hefjast handa við að finna út hvað passar. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur þekki öll orðin í hópnum sex. Þegar búið er að raða orðunum sex á réttar línur má taka fyrir ný orð og ræða þau frekar eins og t.d. hvað er hátíðarmatur? Hægt er að útskýra munnlega eða einfaldlega varpa myndum upp á töfluna (google). Dæmi um svar: Appelsínu-/epla-/ananas-sítrónu-ávaxta- **SAFI**.

Bls. 33. Leikum okkur. Nemendur eiga að leika samtal á veitingastað. Gott er að setja nemendur í pör eða þriggja manna hópa og þeir finna sjálfir matartegundir til að panta (sjá bls. 25). Hægt er að nota matseðillinn á bls. 84 í bókinni. Í lokin leikur hver hópur sitt samtal fyrir hina í bekknum.

Aukaverkefni

A/B paraæfingar bls. 77-80, uppröðun samtals bls. 81, A/B æfing (hlutverkaleikur) bls. 82-84.

Aðrar hugmyndir

A. Vettvangsferð í matvöruverslun, hópur fer saman í matvöruverslun og tekur upp vídeó á síma. Þau spyrja hvert annað hvað eitthvað sé og um verð á vörum. Dæmi: A: Hvað er þetta? B: Þetta er kex. A: Hvað kostar það? B: Það kostar ... krónur. Nemendur senda myndskaiðin svo á netfang kennara sem sýnir svo afrakstur hópanna.

B. Einstaklingsverkefni – Hvað er í ísskápnum? Nemandi tekur mynd af ísskápnum sínum og sendir kennara. Í kennslustund segir hann frá að minnsta kosti frá 5 hlutum í skápnum.

C. Skoðanakönnun – Nemendur fara út úr kennslustofunni og spyrja fólk 3ja spurninga á íslensku: Hvað finnst þér gott að borða? Hver er uppáhalds drykkurinn þinn? Borðar þú morgunmat? Að lokum koma allir inn í stofu aftur og segja frá svörum.

Kafli 4 – Skólinn og vinnan

Innlögn

Hér er gott að leggja inn litina og fara betur í lýsingarorð. Gott að kynna lauslega persónufornöfn í þágufalli.

Bls. 36. Áhugamálin okkar. Gott er að skoða fyrst myndirnar með nemendum og biðja nemendur að nefna íslensk orð yfir tólmstundir sem að þeir þekkja. Orðaforðinn er á næstu síðu (einnig pláss þar fyrir útskýringu). Nemendur setja svo inn orðin eða réttar tölur af bls. 37 við viðeigandi mynd. **Neðst á blaðsíðu** er æfing þar sem nemendur eiga að spjalla saman um það sem þeim finnst skemmtilegt eða leiðinlegt að gera. Jafnframt segja þau frá hvort/hvað þau æfi sjálf. Hér gæti þurft að útskýra þolfall nafnorða.

Bls. 38. Skólastofan. Kennari les textann upphátt fyrir hópinn. Nemendur segja frá hvað er á hinum sex myndunum (einstaklingar/pör) og nýta til þess orðaforðann á bls. 39. Hvað eru margir nemendur, borð, stólar, kennarar, tölvur o.fl. í stofunni? Hvar gæti þessi skólastofa verið? Á Íslandi, í Bandaríkjunum... Hvað er fólkið að gera á myndunum? Hvernig eru hlutirnir á litinn? o.s.frv. Gott er að vinna bls. 39 á undan bls. 38.

Bls. 39. Hvað er gott að nota...? Orðaforði sem tengist skóla. Nemendur hjálpast að við að þýða orð neðst á blaðsíðu ýmist ein eða með hjálp kennara og eiga svo að skrifa orðin fyrir neðan myndirnar efst á síðunni. Í lokin spyrja nemendur hver annan hvað þau séu með í skólatöskunni.

Bls. 41. Hér er einfaldlega verið að æfa orðaforða um veðurfar. Nemendur setja inn þýðingu á sínu móðurmáli á línuna fyrir aftan. Hægt er að setja blað yfir orðin í lokin og skoða myndir og hjálpast að við að rifja upp orðaforða/lýsa veðrinu.

Bls. 42. Tölum saman. Fjórir nemendur eiga að spyrja hina í bekknum/hópnum spurninganna A-B-C-D, þeir segja svo frá veðrinu með hjálp blaðsíðunnar á undan.

Mörg orð yfir það sama? Kennari útskýrir að orðaforði fyrir veður í íslensku er mjög mikill en óþarfi er þó að læra hann allan. Nemendur gætu t.d. einblínt bara á feitletruðu orðin sem eru algeng í daglegu tali.

Bls. 43. Andheiti. Kennari þýðir orðin í bláa rammanum og svo eiga nemendur ýmist einir eða í þörum að hjálpast að við að setja orðin við andstætt orð.

Bls. 44. Hvernig er veðrið? Hér eiga nemendur að spjalla um veðrið á myndunum og skrifa jafnframt 2-4 setningar við hverja mynd til að festa betur orðaforðann í minni.

Bls. 46. Störfin okkar. Nemendur byrja að skrifa þau starfsheiti sem þau þekkja við myndirnar. Öll orðin sem eiga við störfina eru á bls. 47.

Bls. 48. Hugarkort. Þessi æfing er hugsuð til að rifja upp það sem er búið að kenna í kaflanum. Nemendur skrifa inn á kortið, „að vinna“ → skóli, banki, spítali... „að gera“ → spila fótbolta, fara í sund, lesa bók... „í skólanum“ → penni, bók, tölva... „að hlusta á“ → útvarp, tónlist, kennara...

Aukaverkefni

Uppröðun samtals bls. 85, A/B paraæfingar bls. 86-89. Textinn Hátíðahöld á Íslandi (upplestur fylgir) bls. 90-91. Textinn býður upp á frekara samtal um hátíðir um allan heim. Ef orðaforði textans er of erfiður fyrir nemendur hér í kafla 4. mætti líka taka hann fyrir í lok bókarinnar. Verkefni í framhaldi af textavinnu getur verið glæruverkefni nemenda þar sem þeir segja frá hátíð í sínu upprunalandi.

Aðrar hugmyndir

A. Veðurkort/spár – kennari bendir nemendum á hvar hægt er að finna veðurspá á netinu og útskýrir helstu veðurtákn. Hægt væri að biðja nemendur um að lýsa veðrinu á mismunandi stöðum á landinu á morgun/um helgina.

B. Störf – nemendur geta sagt frá draumastarfinu og því starfi sem þau gætu síst hugsað sér að vinna við (útskýra hvers vegna ef að þau geta).

Kafli 5 – Líkaminn og heilsan

Innlögn

Þágufall nafnorða kemur fyrir í kaflanum, mikilvægt að kynna þágufallið þegar rætt er um að líða vel/illa í ákv. líkamshlutum eða að klæðast fatnaði.

Bls. 52. Þekkir þú þessi orð...? Kennari athugar kunnáttu nemenda í byrjun. Nemendur skrifa þýðingu orðanna á sínu móðurmáli. **Mynd** – Nemendur skrifa orðin úr töflunni inn hjá viðeigandi líkamshluta. Gott er að gera þessa æfingu ekki alveg strax á eftir orðalistanum að ofan heldur jafnvel hafa þetta sem heimavinnu. Í byrjun næstu kennslustundar er gott að rifja upp saman hvað ýmsir líkamshlutar heita á íslensku.

Bls. 53. Tilfinningar: Kennari útskýrir orðaforða í bleikum ramma (efst) áður en æfing hefst. Svo setja nemendur orðin við fimm efstu myndirnar. Næst er bætt við orðaforða (með hjálp kennara eða orðabókar). Spurningarnar 1-10 passa við myndirnar tíu, nemendur hjálpast að við að setja viðeigandi orð við rétta mynd (glaður, hrædd, þreytt, búin á því...). Í lokin spyrja

nemendur hver annan um líðan (sjá neðst á blaðsíðu) og skrifa svör í bókina í viðeigandi kyni. Dæmi: Í dag er ég glöð/glaður.

Bls. 54. Hvernig líður þér...? Í þessari æfingu eiga nemendur að velja eitt svar sem þeim finnst passa best við á þessari stundu. Svo tala þau saman um myndirnar í pörum og komast að samkomulagi um hvað passar best við líðan fólksins. Neðst á blaðsíðunni er svo einstaklingsvinna þar sem nemendur teikna inn svipbrigði/líðan fólksins sem er mismunandi frá A-D og lesa svo upp sína eigin útskýringu. Dæmi: A er mjög glaður af því að hann á afmæli í dag. Umræður í lokin; kennari biður svo nemendur um að segja frá þeirra eigin líðan.

Bls. 55. Hvar er þeim illt? Kennari byrjar á að spyrja nemendur hvort þeir muni hvað öll orðin í rammanum þýða og gæti einnig spurt þau hvort að þau muni hvers vegna sum orð eru **blá** og önnur **græn** (ekker **rautt** orð hér), hér er auðvitað verið að vísa í kyn orðanna. Svo eiga nemendur að fylla inn í eyður réttan líkamshluta út frá því sem stendur í texta (upplestur er til). Aðeins má nota hvert orð einu sinni. Í lokin lesa sex nemendur upp textana með réttu orði í eyðum og segja hvaða mynd á við hvern texta eða kennari getur spurt hópinn í lok lesturs um hvern ræðir. Dæmi: Nemandi A les nr. 1 um Arnar skrifstofumann sem er illt í bakinu og kennari spyr: Hver er Arnar á myndunum? Ef nemendur skilja setninguna vel þá eiga þeir að átta sig á að sá sem er í bláum bol og heldur um bakið er Arnar.

Bls. 56. Fatalistinn. Hér er byrjað á að fara yfir orðaforða, gjarnan með því að benda fót kennara og nemenda (nemendur geta skrifað sína þýðingu á punktalínurnar). Neðst er svo munnleg æfing, nemendur lýsa sínum fötum og kennarans.

Bls. 57. Í fataverslun. Neðri hluti: Nemendur búa til samtal sjálfir (einstaklingar/pör/hópar).

Aukaverkefni

A/B paraæfing bls. 92-93, uppröðun samtals bls. 94.

Aðrar hugmyndir

A. Hver er maðurinn/konan – leikur. Hópurinn velur einn nemanda (X) sem fer út úr stofunni á meðan hinir velja annan nemanda (Y). X kemur inn og giskar á hver Y er með því að spyrja um fatnað/útlit. Dæmi: Er bolurinn hvítur/svartur? eru buxurnar bláar? Er hárið ljóst? er það Anna? o.s.frv.

B. Í apótekinu – leikur. Kennari ljósritar/útbýr myndir/spjöld með líkamspörtum eða hlutum (plástur, sár, hóstasaft, verkjalyf...). Einn leikur þann sem afgangið og hinir eiga að segja hvað amar að þeim eða hvað þá vantar.

C. Í fatabúð – vídeó-verkefni/hljóðupptaka (pör/hópar). Nemendur fara í fatabúð og segja nokkrar setningar t.d. þetta er mjög fín úlpa hún er blá og hlý, ég vil kaupa svona úlpu. Afraksturinn mætti meta sem heimavinnu sem gæti svo e.t.v verið sýndur í kennslustund.

D. Fylgdu fyrirmælum! – Leikur. (orðaforði – líkaminn) Kennari situr/stendur á móti nemendum (allir nemendur standa) Kennari gefur nokkur fyrirmæli í röð, nemendur hlusta og reyna að átta sig á hvaða hreyfingu er verið að biðja um. Nemendur eru misfljótir að átta sig, sumir gætu þurft að horfa á félagana til að sjá til hvers er ætlast. Dæmi: Kennari segir; hægri hönd á vinstra eyra, vinstri fótur upp á stól, loka hægra auga, setja vinstri olnboga á vinstra hné. Svona er hægt að telja upp þangað til nemendur geta hreinlega ekki „framkvæmt“ fleira í einu. Svo má byrja upp á nýtt. Skemmtilegur leikur sem vekur oft kátínu, enda ekki alltaf auðvelt að framkvæma allar hreyfingar.

Kafli 6 – Heimilið Innlögn

Bls. 61. Hvað er í húsinu okkar? Kennari athugar fyrst orðaforða nemenda svo skoða þeir orðaforðann efst á bls. 62 og númera myndirnar. Í lokin má svo ræða myndirnar nánar, allir saman eða í hópum. Dæmi: Þetta er hurð, hún er blá. Hér eru líka blóm, þau eru hvít og græn. Húsið er hvítt o.s.frv.

Bls. 62. Íbúðin mín – herbergið mitt. Nemendur ræða saman um það sem er í þeirra herbergi og nýta orðaforðann efst á síðunni.

Bls. 63. Hvar ertu núna? Kennari útskýrir og nemendur gera svo æfingar þar sem þau velja viðeigandi orð í eyður. Svo er um að gera að æfa þetta betur, kennari getur munnlega komið með spurningar sem nemendur tengja vel við eins og t.d. Hvert förum við þegar tíminn byrjar (inn í stofu)? Hvar erum við núna (inni)? Hvar eru bílarnir (úti)? Hvert förum við þegar skólinn er búinn (út)? o.s.frv.

Bls. 64. Nýja húsið mitt. Hér þjálfar kennari nemendur í að lýsa heilu húsi. Hægt að gera á ýmsa vegu. Dæmi: Hvar er baðherbergið? Svar: Það er hægra megin niðri eða fyrir neðan eldhúsið. Hér þarf að taka mið af orðaforða og málfræðifærni nemenda og ekki flækja of mikið ef þeir kunna mjög lítið. Einfaldari spurningar væru t.d. hvað er inni í eldhúsi? Svar: Það er ísskápur og vaskur inni í eldhúsi

Bls. 67. Hvað passar? Ekki má gera ráð fyrir að nemendur þekki öll orðin í æfingunni. Óhætt er að leyfa nemendum að glíma við að finna út hvað passar en kennari útskýrir því næst vel merkingu orða/orðasambanda.

Bls. 68. Flokkum ruslið. Hér getur kennari kannað hvort að nemendur þekki flokkunartunnur og viti hvað fer í hvaða tunnu eftir lit, ef þekkingin er ekki fyrir hendi þá kynnir kennari flokkunarreglur fyrir þeim. Svo má „setja“ hlutina á myndunum fyrir neðan í viðeigandi tunnur (skrifa orðin á punktalínurnar) og fara að lokum yfir saman. Ath. ef nemendur eru í skóla þar sem eru flokkunartunnur eru er tilvalið að fara fyrst með þá út úr kennslustofu og sýna þeim hvernig flokkun fer fram. Í framhaldi af þessu mætti finna til fleiri hluti en eru á myndunum og

ræða það hvernig þeir flokkast t.d. eitthvað sem að nemendur eru með á borðunum hjá sér o.s.frv.

Aukaverkefni

A/B paraæfing bls. 95-96.

Aðrar hugmyndir

A. Hvaða hlutir eru í kringum okkur? Upprifjun orðaforða – Kennari bendir á hluti og spyr hvað er þetta? Nemendur svara.

B. Ikea íbúðin. Kennari prentar út myndir, t.d. úr Ikea bæklingi (af netinu), lætur nemendur draga eina mynd hvert (eða ein mynd á hvert par). Þeir æfa sig svo í að lýsa/segja frá hvernig herbergi er á þeirra mynd og hvaða/hvernig hlutir þar eru.

C. Grunnmynd/teikning af íbúðum. Kennari finnur myndir á netinu og varpar á töfluna. Nemendur (einstaklingar/hópar) skiptast á að koma upp að töflu og lýsa íbúðunum, staðsetja herbergin og húsgögnin (vinstra/hægra megin...) eða allt eftir getu hvers og eins. Geta nemenda getur verið mismikil, á meðan einn nemandi getur sagt „vinstra megin við eldhúsið er stofan!“ o.s.frv. getur annar nemandi e.t.v. aðeins sagt setningar eins og „þetta er eldhús. þetta er gluggi“.

D. Heimaverkefni. Nemendur taka myndir af húsgögnum (heima eða í skólanum) og senda til kennara sem varpar þeim á töflu. Þeir lýsa svo sínum myndum (þetta er skápur, hann er brúnn og er hægra megin við gluggann).

E. Skoðanakönnun – flokkun. Nemendur fara út úr kennslustofunni og spyrja nemendur og kennara/starfsfólk 2-3 spurninga (eða spyrja innan bekkjar). Flokkar þú rusl heima hjá þér? Hvernig/hvað flokkar þú? Hver flokkar mest heima hjá þér? Finnst þér mikilvægt að flokka rusl?

Lausnir við æfingum

Kafli 1 – Að heilsa og kveðja

Hvað er fólkið að segja ? (bls. 4)



Dæmi: Hæ, hvað heitir þú? Hæ, ég heiti Anna, en þú? Ég heiti Aron. Hvað segir þú gott? Bara allt gott en þú?



Dæmi: Bless við sjáumst. Já bless og góða nótt.



Dæmi: Góðan dag, ég heiti Hans Jónsson. Sæll Ég heiti Alexander Albertsson.

Æfum okkur. (bls. 7 – 8)

A. Settu viðeigandi spurnarorð í eyðurnar. Sjá blaðsíðu 5

1. **Hvað** heitir konan? Hún heitir Helga.
2. **Hvaðan** kemur hún? Hún kemur frá Finnlandi.
3. **Hvert** flýgur hún? Hún flýgur til Íslands.
4. **Hvar** er Ísland? Ísland er í Evrópu.
5. **Hvar** vinnur hún? Hún vinnur í leikskóla.
6. **Hver** er þetta? Þetta er sonur Helgu.

B. Raðaðu rauðu orðunum í réttar eyður.

1. Hvað **heitir** þú? Ég **heiti** Aron.
2. Hvaðan **eru** stelpurnar? Þær **eru** frá Selfossi.
3. Hvar **býrð** þú? Ég **bý** í Breiðholti.
4. Hvað **heita** börnin? Þau **heita** Helga og Hannes.
5. Hvert **fer / keyrir** þessi strætó? Hann **fer / keyrir** til Keflavíkur.
6. Hvað **er** Nína gömul? Hún **er** tólf ára.

C. Hvað passar saman? Skrifaðu númerin inn í rauðu hringina.

- | | | |
|-----------------------------------|----------|---|
| 1. Hvar býrð þú? | 6 | Ég ætla að koma heim á morgun. |
| 2. Hvað ertu gamall? | 3 | Ég á tvö börn. |
| 3. Hvað áttu mörg börn? | 1 | Ég á heima í Reykjavík. |
| 4. Hvað finnst þér gaman að gera? | 2 | Ég er 27 ára gamall. |
| 5. Hvert ætlar þú að fara núna? | 4 | Mér finnst gaman að synda. |
| 6. Hvenær ætlar þú að koma heim? | 5 | Núna ætla ég að fara til Hafnarfjarðar. |

D. Samtal – Raðaðu upp í rétta röð. Skrifaðu tölurnar 1 - 9 við setningarnar.

- | | |
|---|----------------------------------|
| 1 Sæl, ég heiti Þórir, en þú? | 6 Ég er frá Íslandi. |
| 3 Hvaðan ertu Angela? | 5 En þú, Þórir? |
| 2 Halló, ég heiti Angela. | 9 Ég er líka 25. |
| 8 Ég er 25 ára gömul, en þú Þórir? | 7 Hvað ertu gömul Angela? |
| 4 Ég er frá Þýskalandi. | |

Kafli 2 – Fjölskyldan

Orðaforði – Settu orðin í eyðurnar. (bls. 10)



1. Magnús hefur aldrei verið giftur. Hann er **einhleypur**.
2. Ara og Ásu langar bráðum að gifta sig, núna eru þau **trúlofuð**.
3. Lena er eiginkona Antons. Þau eru **gift**.
4. Inga og Óli eru ekki lengur gift. Þau eru **fráskilin**.

Vinum saman. Hvað passar? (bls. 12)

- | | | |
|---------------------------------------|-----------|----------------------------------|
| 1. Systir mín er gift honum | 15 | amma mín |
| 2. Hann er sonur mömmu minnar | 4 | frændi minn |
| 3. Hún er systir mannsins míns | 2 | bróðir minn |
| 4. Hann er bróðir frænku minnar | 3 | mágkona mín |
| 5. Hún er systir mömmu minnar | 1 | mágur minn |
| 6. Hún er dóttir sonar míns | 6 | sonardóttir mín = barnabarn mitt |
| 7. Hann er pabbi pabba míns | 5 | móðursystir mín = frænka mín |
| 8. Hann er bróðir pabba míns | 14 | pabbi minn |
| 9. Hann á systur sem er dóttir mín | 8 | föðurbróðir minn = frændi minn |
| 10. Dóttir mín er gift honum | 12 | tengdforeldrar mínir |
| 11. Hún er dóttir frænda míns | 10 | tengdasonur minn |
| 12. Þau eiga son sem er maðurinn minn | 11 | frænka mín |
| 13. Sonur minn er giftur henni | 9 | sonur minn |
| 14. Hann á son sem er bróðir minn | 13 | tengdadóttir mín |
| 15. Afi minn er giftur henni | 7 | afi minn |

Æfum okkur – Búðu til setningar. (bls. 17)

Dæmi um setningar:



Hann hlustar stundum á tónlist á daginn



Ég spila alltaf fótbolta á kvöldin



Hún talar yfirleitt í síma á morgnana



Hann hjólar sjaldan

Ég hjóla stundum á daginn



Hún les sjaldan bók á daginn



Þau hitta stundum fólk á kvöldin

Ég hitti oft fólk á kvöldin



Hún kaupir oft í matinn í hádeginu



Hún horfir aldrei á sjónvarp síðdegis

Ég horfi aldrei á sjónvarp á nóttunni

Æfum okkur (bls. 17)

sextíu og tveir →.....62

sjötíu og þrír →.....73.....

tuttugu og fimm →...25.....

hundrað níutíu og einn →.....191.....

fimm hundruð og fjórtán →...514.....

þrjú hundruð fjörutíu og átta →.....348.....

eitt þúsund sexhundruð og fjórir →.....1604.....

tólf þúsund þrjátíu og sjö →.....12037.....

ellefu hundruð og tólf →.....1112.....

tvö þúsund tuttugu og níu →.....2029.....

Rifjum upp spurnarorðin. (bls. 17)

hvernig þýðingar nemenda hér hvað

hvers vegna hvenær

hvaðan hvert

hvar hver

1. **Hvar** er Magnús skólastjóri núna? Hann er á skrifstofunni sinni.
2. **Hver** er þessi maður? Þetta er Ágúst frændi minn.
3. **Hvaðan** er þessi kona? Hún er frá Póllandi.
4. **Hvað** kostar þetta? Þetta kostar tíu þúsund krónur.
5. **Hvert** ertu að fara núna? Ég er að fara heim.
6. **Hvers vegna** ertu ekki í skólanum í dag? Af því að það er frí.
7. **Hvað** heitir mamma þín? Hún heitir Anna.
8. **Hvernig** líður þér? Mér líður vel takk.
9. **Hvar** er Dómkirkjan? Hún er í miðbænum.
10. **Hvernig** er maturinn? Hann er góður.
11. **Hvenær** kemur strætó? Hann kemur klukkan níu.
12. **Hvar** áttu heima? Ég á heima í Kópavogi.
13. **Hvert** ferðu í sumar? Ég fer í sumarbústað.
14. **Hvað** finnst þér gaman að gera? Mér finnst gaman að læra íslensku.
15. **Hvers vegna** lærir þú íslensku? Af því að ég bý á Íslandi.
16. **Hvaðan** kemur söngkonan? Hún kemur frá Bandaríkjunum.

Hvað passar? Merktu við réttan möguleika. (bls.18)

- | | | | |
|---------------------------|------------------------|--------------------------------|--------------------|
| 1. Afi minn er mjög ... | b) gamall. | 6. Er dagurinn ekki ... | b) langur? |
| 2. Anna er svo ... | b) sæt. | 7. Stelpan þarna er systir ... | a) mín. |
| 3. Er borðið ekki ... | a) laust? | 8. Síminn minn er oft ... | a) bilaður. |
| 4. Sumarnóttin er svo ... | c) björt. | 9. Jóni finnst húsið ... | b) fallegt. |
| 5. Barnið er ... | c) skemmtilegt. | 10. Mamma mín er ... | b) góð. |

Sérðu villurnar ? Finndu 5 atriði sem eru ekki eins. (bls. 18)

Nr. 1 – 4 fuglar / 3 fuglar

Nr. 2 – klukkan er mismunandi

Nr. 3 – 5 gluggar / 4 gluggar

Nr. 4 – Slaufa í hári

Nr. 5 – 1 frekna / 2 freknur

Kafli 3 – Maturinn

Æfum okkur – Hvaða svar passar? (bls. 22)

- | | |
|---|-----------------------------------|
| 1. Sæll Palli, hvernig hefur þú það? | a) Fínt, takk! |
| 2. Halló Anna, áttu einhverja köku í dag? | b) Nei, kakan er því miður búin. |
| 3. Hvað kosta eplin? | b) Fimmhundruð og tuttugu krónur. |
| 4. Góðan daginn, hvað má bjóða þér? | a) Eina kók og pítsusneið takk. |
| 5. Afsakið get ég fengið reikninginn? | b) Alveg sjálfsagt, augnablik. |

Æfum okkur – Nína ætlar að panta Raðaðu setningunum í rétta röð. (bls. 23)

- | | | |
|---|---|---|
| ○ Góðan dag, get ég aðstoðað ? | → | ◇ Já takk, ég ætla að fá hjá þér einn kaffi latte. Eruð þið með einhverjar kökur? |
| ○ Því miður ekki í dag. En við eigum nýbökud rúnstykki með álegg. → | | ◇ Fínt, ég fæ eitt með smjöri og osti. |
| ○ Var það eitthvað fleira? → | | ◇ Nei takk, hvað kostar þetta? |
| ○ Þetta eru þá 1800 krónur. → | | ◇ Takk fyrir. |

Æfum okkur – Hvernig spurningar passa hér? (bls. 23)

- | | |
|---|------------------------------------|
| 1. Hvað kostar þetta ? | Eitt þúsund og tvö hundruð krónur. |
| 2. Hvað vilt þú borða ? Hvað langar þig í ? | Ekkert, ég er ekki svangur. |
| 3. Viltu fá ís ? Langar þig í ís ? Borðar þú ís ? | Nei, ég borða aldrei ís. |
| 4. Eru til ostaslaufur ? Áttu til ostaslaufur ? | Nei, ostaslaufurnar eru búnar. |


Æfum okkur – Hvar passa orðin? (bls. 25)

- | |
|---|
| 1. A: Er fiskurinn ódyr í dag? B: Nei, kjötið er mjög ódyrt í dag. |
| 2. A: Sæl frænka, hvað segirðu gott ? B: Bara fínt, þetta var góður dagur. |
| 3. A: Er köld pítsa í matinn? B: Já, en á morgun verður heitt pasta (hk). |
| 4. A: Eru þessar kartöflur nýjar ? B: Já, við seljum bara nýtt grænmeti. |


Eigum við að panta pítsu ? (bls. 29)

- | | | |
|------|--|----------|
| Ari: | Já takk, ... með osti, sósu, pepperóní, mozzarella osti, papriku og ólífum. | E |
| Ása: | Já takk, ... með osti, sósu, mozzarella osti, tómötum, kjúklingi og spínati. | A |
| Óli: | Já takk, ... með osti, sósu, kjúklingi, ólífum og papriku. | D |
| Ína: | Já takk, ... með osti, sósu, pepperóní, skinku, lauk og papriku. | B |


Krossgáta (bls. 30)



Orðasúpa (bls. 32)



Samsett orð (bls. 31)



Sérðu villurnar? Finndu 5 atriði sem eru ekki eins. (bls. 31)

Nr. 1 – gaffal / hnífur í hendi

Nr. 2 – klukkan er mismunandi

Nr. 3 – tungl / sól - mynd á vegg

Nr. 4 – litir á salt og pipar mismunandi

Nr. 5 – á disk vantar einn hvítan bita

Kafli 4 – Skólinn og vinnan

Merktu X við (bls. 35)

1. Þorbjörn vill fara í körfubolta í dag.
2. Þorbjörn er frændi Klöru.
3. Viktor er að keppa í dansi klukkan 6.
4. Viktor er ætlar í heita pottinn.
5. Klara er 13 ára nemandi í framhaldsskóla.
6. Klara lærir á hljóðfæri og syndir.

X	rétt		rangt
	rétt	X	rangt
	rétt	X	rangt
X	rétt		rangt
	rétt	X	rangt
X	rétt		rangt

Hvað passar? Í eða á Hvaða mynd á við? (bls. 37)

- | | | |
|----------|--|--------------|
| E | Ég hugsa vel um líkamann og vil fara sund daglega. | í |
| D | Ég elska ræktina, ég vil fara æfingu 5 sinnum í viku. | á |
| A | Alltaf þegar ég sit strætó vil ég hlusta góða tónlist. | í - á |
| B | Mig langar að horfa mynd í kvöld. Komdu með mér bíó! | á - í |
| C | Ég set alltaf mikið salt poppið mitt og drekk gos með. | á |

Merktu X við rétt eða rangt (bls. 40)

1. Gunnari finnst gaman á haustin.
2. Tinna fer oft á skíði í Bláfjöllum.
3. Finnur fer bara í útilegur með fjölskyldunni.
4. Sunna á afmæli um vetur.

	rétt	X	rangt
X	rétt		rangt
	rétt	X	rangt
	rétt	X	rangt

Talað um árstíðir... Texti á síðu 40 (bls.42)

- | | | |
|--|----------|--------------------------------|
| 1. Gunnari finnst gaman að vera ... | 2 | útilegur á sumrin. |
| 2. Finnur elskar fara með tjald og svefnpoka í ... | 3 | að eiga afmæli í september. |
| 3. Sunna elskar haustlitina og ... | 4 | að fara á skíði til Akureyrar. |
| 4. Tinna elskar snjó og henni finnst gaman ... | 1 | með vinum sínum í maí. |
| 5. Það er bjart úti á nóttunni ... | 5 | á sumrin á Íslandi. |

Mörg orð yfir það sama ?

haglél

snær mjöll
slydda fönn
skafrenningur
hundslappadrífa
skæðadrífa
logndrífa
hjarn nýsnævi
kafald
mugga hríð
slabb

snjór

(bls. 42)

úði
helli- ausandi-
demba súld
vatnsveður
steypiregn
skúraleiðingar
skúr væta
úrhelli
skrumba
suddi deyfla
slagviðri

rigning

gola stilla
andvari
rok gjóla
næðingur
stormur
gustur
blær þeyr
hvassviðri
innlögn
rokkviða
dúnalogn

vindur

Paraðu saman andheitin. (bls. 43)

1. heitt	kalt	9. vondur	góður
2. glaður	dapur	10. úti	inni
3. þungur	léttur	11. sorg	gleði
4. spyrja	svara	12. lágvaxinn	hávvaxinn
5. svangur	saddur	13. dagur	nótt
6. sumar	vetur	14. vakna	sofna
7. byrja	enda	15. opna	loka
8. gráta	hlæja	16. myrkur	birta

A.

Mamma: Það er kominn **dagur** elskan. Allir þurfa að **vakna** núna. Klukkan er átta og skólinn fer að **byrja**.

Sonur: Já mamma, ég er svo **svangur**. Ég þarf að fá mat.

Mamma: Já við skulum **borða** núna, það er betra að fara **saddur** í skólann.

B.

Erla: Ég elska þegar það er **sumar**, það er uppáhalds árstíðin mín. Þá er oft **heitt** og ég get verið á stuttermabol úti. Hvaða árstíð elskar þú?

Ari: Ég vil frekar vera úti þegar það er **kalt** helst í frosti. Þess vegna elska ég **vetur**. Mér finnst gaman að vera **úti** á bretti í miklum snjó í Bláfjöllum. Ég fíla líka **myrkur** af því að mér finnst gaman að kveikja á kertum inni hjá mér.

C.

Bjössi: Þessi maður þarna er mjög **hávvaxinn** hann er örugglega tveir metrar á hæð. En konan hans er hins vegar frekar **lágvaxin**, ekki nema 150 sentimetrar.

Palli: En af hverju er maðurinn svona **dapur**? Ég sé tárin renna niður kinnarnar á honum, hann er að **gráta**.

Bjössi: Já hann er leiður af því að hundurinn hans er **dáinn**.

Merktu X við rétt eða rangt (bls.45)

1. Arna og Jóhann eru í skólanum núna.
2. Arna er að læra á bíl.
3. Jóhann ætlar að vinna í bakaríi í sumar.
4. Jóhann ætlar að bjóða Örnú í bíltúr.

<input type="checkbox"/>	Rétt	<input checked="" type="checkbox"/>	rangt
<input type="checkbox"/>	Rétt	<input checked="" type="checkbox"/>	rangt
<input checked="" type="checkbox"/>	Rétt	<input type="checkbox"/>	rangt
<input checked="" type="checkbox"/>	Rétt	<input type="checkbox"/>	rangt

Störfin okkar... (bls.47)

9	Hann eldar mat.	13	Hann læknar dýr.
8	Hann klippir og greiðir hár.	14	Hann slekkur eld.
5	Hann tekur pöntun og afgreiðir mat.	3	Hann gerir við bíla.
6	Hann hannar og saumar fót.	2	Hann kennir nemendum.
4	Hann málar vegg og hús.	1	Hann veiðir fisk.
15	Hann gerir við tennur.	12	Hann keyrir farþega.
16	Hann dreifir pósti í hús.	7	Hann hugsar um dýr og ræktar jörðina.
11	Hann smíðar hús og húsgögn.	10	Hann syngur lög.

Hvað þarf ég að læra ...? (bls.48)

8	Dýralækningar	3	Listnám
6	Sjúkraliðanám	1	Kennaranám
14	Byggingarlist	11	Viðskiptafræði
2	Lögfræði	12	Snyrtifræði
9	Læknisfræði	10	Rafvirkjun
7	Hárgreiðsla	13	Pípulagningar
5	Bakaraiðn	15	Lyfjafræði
4	Smíði		

Samheiti (bls. 49)

1.	falleg	sæt	9. smá	lítil
2.	drengur	strákur	10. stelpa	stúlka
3.	glöð	kát	11. að glápa	stara
4.	ljót	ófríð	12. að vinna	sigra
5.	köttur	kisa	13. að horfa	líta
6.	haus	höfuð	14. þybbin	feit
7.	tungl	máni	15. skemmtilegt	gaman
8.	hross	hestur		

Hvaða orð passa... ? (bls. 49)

*1. Ágúst er **gláður strákur** sem er alltaf í góðu skapi. Hann á heima í Hafnarfirði. Hann á einn **bróður** sem er alltaf að **glápa** á sjónvarpið. Ágúst á líka **kött** sem heitir Mjási, honum finnst mjög gott að borða og er þínu **feitur**.

◇2. Sigrún er 16 ára **stelpa** sem elskar fótbolta. Þegar hún er að keppa koma foreldrar hennar alltaf að **horfa** á hana spila. Henni finnst **gaman** að **vinna** en hún hatar að tapa.

○3. A: Hvernig segir maður enska orðið "moon" á íslensku?

B: Maður segir **tungl/máni** en það er líka hægt að segja **máni/tungl**.

A: Eru þá bæði orðin jafn rétt? B: Já, það er þínu skrítið.

△4. **Hesturinn** hennar Kristjönu er tvílitur, svartur og með brúnan **haus**. Hún elskar að fara á hestbak á hverjum degi.

Kafli 5 – Líkaminn og heilsan

Hvernig líður...? Skoðaðu myndir... (bls. 54)

1. **Honum er illt í ... ?** b) maganum
2. **Henni er illt í ... ?** a) höfðinu

Hvar er þeim illt? (bls. 55)

1. Arnar er 56 ára gamall skrifstofumaður frá Seyðisfirði. Hann á erfitt með að sitja lengi því honum er oft illt í **bakinu**.
2. Bára er 34 ára afgreiðslukona frá Akureyri. Hún vinnur í fataverslun og er oft þreytt á að standa allan daginn. Henni er stundum illt í **fótunum**.
3. Markús er 17 ára nemandi í menntaskóla í Borgarnesi. Hann er með mjólkuróþol og þegar hann drekkur mjólk þá verður honum mjög illt í **maganum**.
4. Thelma er 25 ára barþjónn frá Selfossi. Hún vinnur á mjög vinsælum bar. Þar er oftast mjög hávær tónlist. Stundum þegar hún kemur heim er henni illt í **höfðinu** og vill bara hafa alveg hljótt.
5. Siggi er 64 ára leiðsögumaður frá Reykjavík. Hann þarf að tala við ferðamenn allan daginn á ýmsum tungumálum. Þegar hann kemur heim á kvöldin er honum stundum illt í **hálsinum**.
6. Júlía er tölvunarfræðingur frá Vestmannaeyjum. Hún vinnur mjög mikið við tölvu. Hún er oft þreytt í **augunum** því hún þarf að horfa svo mikið á tölvuskjáinn.

Krakkar í mismunandi fötum. (bls. 58)

- | | |
|---|----------|
| Elísabet er í rauðri og svartri skyrtu og gráum buxum. Hún er í hvítum strigaskóm. | 3 |
| Lóa er með fléttur, hún er í rauðum bol, ljósgráum skóm og í dökkum buxum. | 6 |
| Breki er dökkhærður. Hann er í hvítum bol, bláum buxum og marglitri köflóttri skyrtu. | 4 |
| Kári er í hvítum bol og ljósbrúnum buxum. Hann á svarta skó og hann er skolhærður. | 2 |
| Alex er í bláum stuttermabol og rauðum buxum. Skórnir hans eru með bláar reimar. | 5 |
| Hildur er í gulri peysu með hvítum kraga og í gallabuxum, hún er með ljóst sítt hár. | 1 |

Sérðu villurnar? Finndu 6 atriði sem eru ekki eins. (bls. 58)

- | | |
|---|---|
| Nr. 1 – hvít spennu í hári á konu til hægri | Nr. 4 – mismunandi rendur á rauðum buxum |
| Nr. 2 – munstur á ljósri peysu | Nr. 5 – vantar eyrnalokk á konu til hægri |
| Nr. 3 – munstur á dökkri peysu | Nr. 6 – eyrnalokkur hjá konu til hægri |

Kafli 6 – Heimilið

Hvernig byggingar eru á myndunum? (bls. 60)



háhýsi



blokk / fjölbýlishús



raðhús



einbýlishús

Hvað passar saman? (bls. 63)

- | | | |
|------------------|---|---|
| 1. eldhús | 4 | að þvo sér |
| 2. stofa | 5 | að sofa |
| 3. borðstofa | 2 | að lesa / að horfa á sjónvarpið |
| 4. baðherbergi | 3 | að borða |
| 5. svefnherbergi | 1 | að búa til matinn / að elda matinn |
| 6. barnaherbergi | 8 | að þvo þvottinn |
| 7. forstofa | 9 | að geyma bílinn |
| 8. þvottahús | 6 | að leika sér með leikföngin |
| 9. bílskúr | 7 | að fara úr skónum og hengja upp jakkann |

Veldu rétt orð (bls. 63)

- Kristín og Katrín eru **inni** að horfa á sjónvarpið.
- Markús og Máni fara **út** á hverjum degi að hlaupa.
- Við viljum vera **inni** þegar það er vont veður.
- Ég vil fara **út / inn** að borða núna.
- Hvar eru krakkarnir? Þau eru **úti** að leika sér.

Settu orðin í réttar eyður (bls. 65)

- | | |
|---|--|
| 1. Ari, er þetta íbúðin þín ? (þú) | 4. Kommóðan mín er ný. (ég) |
| 2. Hérna inni er rúmið mitt . (ég) | 5. Helga, var borðið þitt ódýrt? (þú) |
| 3. Stóllinn minn er gamall. (ég) | 6. Glugginn þinn er alltaf opin. (þú) |

Sérðu villurnar? Finndu 5 atriði sem eru ekki eins. (bls. 65)

- | | |
|---|-------------------------------------|
| Nr. 1 – þríhyrndur gluggi í risi | Nr. 4 – hurðarhúnn |
| Nr. 2 – vantar eitt lítið ský hægra megin | Nr. 5 – 2 / 3 rauð/blá blóm á runna |
| Nr. 3 – 2 / 3 hvít blóm á runna | |

Hvað passar? (bls. 65)

- | | | | | |
|-----------------------------------|-------------|---------------|-----------------|------------|
| a) Íbúðin er ... | hús | falleg | bíll | ekki |
| b) Jóni finnst svalirnar vera ... | sorglegar | litlar | bað | garður |
| c) Eitt svefnherbergi er ekki ... | kjallari | garður | bílskúr | nóg |
| d) Í sturtunni þvær maður ... | bækur | borð | hárið | bílinn |
| e) Niðri í húsinu er ... | háaloft | garður | kjallari | efri hæð |
| f) Í rúminu er gott að ... | sofa | keyra | lítill | gamall |

Æfum okkur að nota lýsingarorð. (bls. 66)

- Svalirnar þínar eru **stórar**, þar er nóg pláss fyrir stóla og borð.
- Ég elska **húsið** hans Davíðs, það er svo **fallegt**.
- Ásta, er nýja **eldavélin** þín ekki **góð**?
- Stóllinn** minn er allt of **lítill**, ég verð að kaupa annan stól.
- Þessi **sófi** er alveg **passlegur** fyrir okkar fjölskyldu.
- Gardínan** hjá krökkunum er **rifin**.

Þú varst að flytja í nýtt hús. (bls. 66)

- | | | |
|--------------------------------|------------------------------|-----------|
| 1. Á háaloftið set ég ... | sófann og borðið. | 6 |
| 2. Í vinnuherbergið set ég ... | handklæðin og sjampóið. | 3 |
| 3. Í baðherbergið set ég ... | tölvuna og skrifborðið. | 2 |
| 4. Í svefnherbergið set ég ... | ísskápinn og örbylgjuofninn. | 7 |
| 5. Í forstofuna set ég ... | grillið og garðborðið. | 10 |
| 6. Í stofuna set ég ... | blómapottana. | 8 |
| 7. Í eldhúsið set ég ... | fataskápinn og rúmið. | 4 |
| 8. Í garðinn set ég ... | skógrindina og snagana. | 5 |
| 9. Í bílskúrinn set ég ... | alla geymslukassana. | 1 |
| 10. Á pallinn set ég ... | hjólið og bílinn. | 9 |

Hvað passar? (bls. 67)

- | | |
|---|-----------------|
| a) Að... leggja á – skúra – búa um | borðið. |
| b) Að... kveikja – henda – elda | ljósið. |
| c) Að... loka – búa um – leggja með | rúmið. |
| d) Að... þvo – þurrka – setja í | uppvottavélina. |
| e) Að... elda – skúra – svæfa | matinn. |
| f) Að... setjast yfir – leggjast á – setjast á | stólinn. |
| g) Að... keyra – opna – sjóða | gluggann. |

Aukaæfingar

Samtal (bls. 74)

Hæ Mikael! Hvað segirðu gott?

Allt gott en þú?

Allt fínt en ég er bara alltaf að vinna og er þínu þreytt.

Æ en glatað! Hefur þú samt ekki tíma til að fara í ræktina?

Jú, ég ætla einmitt að byrja í næstu viku en þú?

Ég fer oftast þrisvar í viku. Eigum við kannski að fara saman?

Góð hugmynd Mikael! Hringdu í mig fljótlega!

Frábært, ég hringi í þig í vikunni! Sjáumst!

Já flott, sjáumst!

Samtal (bls. 81)

- 4** Gunnhildur: Ég myndi vilja fá einn lítinn bjór.
- 6** Þjónn: ... Gjörðið þið svo vel. Eruð þið tilbúin að panta matinn?
- 3** Þjónn: Já, hérna er borðið ykkar og matseðlar. Hvað má bjóða ykkur að drekka?
- 1** Þjónn: Góða kvöldið. Eigið þið pantað borð?
- 7** Haukur: Já, mig langar að prófa sveppasúpuna og fisk dagsins.
- 2** Gunnhildur: Já, fyrir Gunnhildi klukkan hálf átta. Borðið er fyrir tvo.
- 9** Gunnhildur: Ég vil ekki forrétt en mig langar í lambakjöt og bakaða kartöflu.
- 5** Haukur: Og ég myndi vilja fá eitt rauðvínsglas og könnu með vatni.
- 8** Þjónn: En hvað má bjóða þér?

Eftir aðalréttinn.....

- 16** Þjónn: Glæsilegt. Ég kem með eftirréttina eftir augnablik.
- 17** Haukur: Takk fyrir.
- 10** Þjónn: ... Jæja, hvernig smakkaðist maturinn?
- 14** Haukur: Ég ætla að fá súkkulaðiköku og kaffi takk.
- 12** Haukur: Já, sammála. Fiskurinn var æðislegur. Mig langar í eftirrétt. Hvað er til?
- 15** Gunnhildur: Og mig langar í eplaköku og te.
- 13** Þjónn: Við eigum súkkulaðiköku, eplaköku og vanilluís með bláberjum.
- 11** Gunnhildur: Mjög vel. Þetta var allt mjög gott.

Samtal (bls. 85)

Hæ Steinunn! Hvað er að fréttu?

Hæ Ragnar! Ekki mikið, ég er bara alltaf að vinna.

Hvar ertu að vinna núna?

Ég vinn á Landsspítalanum, ég er sjúkraliði.

Nú, fórstu í sjúkraliðanám?

Já, ég útskrifaðist frá FÁ árið 2020. En þú Ragnar hvað ert þú að gera núna?

Ég er að vinna hjá símafyrirtæki í Reykjavík.

Ertu þá að vinna sem rafvirki í dag?

Já, ég kláraði námið í Tækniskólanum og er rafvirki.

Flott hjá þér Ragnar! Það er alltaf svo gaman að hitta þig.

Já, eigum við kannski að fara saman á kaffihús fljótlega?

Já, það er frábær hugmynd, ég hringi í þig í næstu viku, bæ!

Samtal (bls. 94)

Góðan daginn Hákon. Hvað kom fyrir þig?

Góðan dag. Ég er að drepast í handleggnum.

Hvað kom fyrir? Dastu?

Já ég er í handbolta og datt en fann ekki neinn verk fyrr en núna.

Þú þarft að fara í röntgenmyndatöku strax!

Já ég er til í það.

Jæja Hákon hér eru niðurstöður úr myndatökunni. Þú ert brotinn.

Er það? Fer ég þá í gifs núna?

Já, þú ferð í gifs strax. Við hittumst svo aftur eftir 4 vikur.

Frábært! Takk fyrir Guðmundur.